

## REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1981.

### 1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum og héraðslæknum ber að greiða fyrir árið 1981, vegna lyfjaeftirlits skv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 49 16. maí 1978 skal vera sem hér segir:

|              |       |     |       |
|--------------|-------|-----|-------|
| I. flokkur   | ..... | kr. | 2 600 |
| II. flokkur  | ..... | —   | 2 200 |
| III. flokkur | ..... | —   | 1 830 |
| IV. flokkur  | ..... | —   | 1 300 |
| V. flokkur   | ..... | —   | 970   |

### 2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

|                      |                                 |
|----------------------|---------------------------------|
| I. flokkur:          | Garðs Apótek                    |
| Ingólfs Apótek       | Húsavíkur Apótek                |
| Lyfjabúðin Iðunn     | Ísafjarðar Apótek               |
| Reykjavíkur Apótek   | Laugarness Apótek               |
| II. flokkur:         | Lyfjabúð Breiðholts             |
| Apótek Austurbæjar   | Selfoss Apótek                  |
| Hafnarfjarðar Apótek | Stykkishólms Apótek             |
| Keflavíkur Apótek    | V. flokkur:                     |
| Laugavegs Apótek     | Apótek Austurlands, Seyðisfirði |
| Stjörnu Apótek       | Apótek Blönduóss                |
| III. flokkur:        | Borgarness Apótek               |
| Háaleitis Apótek     | Dalvíkur Apótek                 |
| Holts Apótek         | Egilsstaða Apótek               |
| Kópavogs Apótek      | Hafnar Apótek                   |
| Vesturbæjar Apótek   | Mosfells Apótek                 |
| IV. flokkur:         | Nes Apótek, Neskaupstað         |
| Akraness Apótek      | Norðurbæjar Apótek, Hafnarf.    |
| Akureyrar Apótek     | Patreks Apótek                  |
| Apótek Vestmannaeyja | Rangár Apótek, Hellu            |
| Árbæjar Apótek       | Sauðárkróks Apótek              |
| Borgar Apótek        | Síglufjarðar Apótek             |
|                      | Ölfus Apótek, Hveragerði        |

### 3. gr.

Lyfjagerðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

|                       |                         |
|-----------------------|-------------------------|
| I. flokkur:           | II. flokkur:            |
| Lyfjaverslun ríkisins | Stefán Thorarensen h.f. |
| Pharmaco h.f.         |                         |

## 4. gr.

Lyfjaheildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

## I. flokkur:

G. Ólafsson h.f.  
Lyfjaverslun ríkisins.  
Pharmaco h.f.  
Stefán Thorarensen h.f.

## II. flokkur:

Ásgeir Sigurðsson h.f.  
Hermes h.f.

## III. flokkur:

Farmasía h.f.  
H. Ólafsson & Bernhöft  
Lyf s.f.

## 5. gr.

Héraðslæknar, sem annast lyfjasölu skv. 42. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skulu greiða eftirlitsgjald skv. V. flokki.

## 6. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús. Skulu þá deildaskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald skv. II. flokki, en önnur skv. V. flokki.

## 7. gr.

Eftirlitsgjald skal greiða til ríkisféhirðis fyrir 15. október 1981. Gjaldið er lög-takskræft.

## 8. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 49/1978 og tekur gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. ágúst 1981.*

Svavar Gestsson.

*Jón Ingimarsson.*